

SKÓGARVÖRÐURINN Á HALLORMSSTAÐ

STARFSSKÝRSLA 1992



SKÓGRAEKT
RÍKISINS

ÞÓR ÞORFINNSSON

EFNISYFIRLIT.

1.	VEDURFAR ARSINS	bls	1
	1.1. Tíðarfarsyfirlit	-	1
	1.2. Veðurmælingar	-	1
2.	VÖXTUR OG ÞRIF TRJAGRÓDURS	-	2
	2.1. Vöxtur	-	2
	2.2. Fræfall	-	2
	2.3. Frost	-	2
	2.4. Skordýr	-	2
3.	STARFSFÓLK	-	2
	3.1. Starfsfólk ársins 1992.....	-	2
4.	GIRDINGAR	-	3
	4.1. Viðhald girðinga	-	3
	4.2. Nýgirðingar	-	3
5.	SKÓGARHÜGG	-	4
	5.1. Viður	-	4
	5.2. Jólatri	-	6
6.	GROÐRARSTÖÐ	-	8
	6.1. Fræplöntur	-	8
	6.2. Dreifsetning	-	11
	6.3. Afhending skógarplantna	-	11
	6.4. Garðplöntur	-	12
	6.5. Nýframkvæmdir	-	12
	6.6. Ýmislegt í gróðrarstöð	-	12
7.	GROÐURSETNING	-	14
	7.1. Gróðursetning í lönd SR Hall	-	14
	7.2. Gróðursetning í umsjónarlönd SR Hall	-	14
8.	HIRDING UNGSKÖGA	-	15
	8.1. Kjarrhreinsun	-	15
9.	BYGGINGAR	-	15
	9.1. Viðhald	-	15
	9.2. Nývirki	-	15
10.	VELAR OG VERKFÆRI	-	16
	10.1. Bifreiðir	-	16
	10.2. Dráttavélar	-	16
	10.3. Önnur tæki	-	17
11.	YMISLEGT	-	17
	11.1. Ferðalög og fundarhöld	-	17
	11.2. Jarðakaup	-	18
	11.3. Ferðafólk	-	18
12.	ANNAD	-	19
	12.1. Trjásafnið	-	19
	12.2. Vegagerð	-	19
	12.3. Tilraunir og viðarmælingar	-	20

STARFSSKÝRSLA

SKOGRÆKTAR RIKISINS HALLORMSSTAD.

1. VEDURFAR ARSINS.

1.1. Tíðarfarslýsing.

Í stuttu máli má segja að veturinn frá áramótum til vors hafi verið snjóléttur og mildur.

Janúarmánuður var að mestu snjólaus, með ríkjandi S-V átt. Tuttugasta og fyrsta janúar voru skógarvegir ófærir vegna aurbleytu. Tólfta mars myndaðist örþunn skán á Fljótið og var það ísilaft í um það bil viku á árinu. Mesta frost vetrarins mældist 22°C. 16.mars.

Mars og apríl voru að mestu snjólausir, það voraði því snemma, með sól og hlýindum frá byrjun maí og fram í miðjan júní. Júlímánuður var frekar kaldur og sólarlitill. Töluverð úrkoma var frá miðjum ágúst og til septemberloka. Ekki sást til sólar í þrjár vikur í sept. Haustið var snjólétt og milt, með fyrstu snjókomu um miðjan nóvember.

1.2. Veðurmælingar.

Um miðjan júlí komu starfsmenn veðurstofunar og settu upp sjálfvirka veðurmælingastöð. Stöðin er staðsett við gamla veðurskýlið. Einnig var settur upp 10m hár staur, á honum er vindhraða og vindáttamælir. Frá veðurstofunni er hringt reglulega í geymsluminni stöðvarinnar (þriggja vikna geymsluminni) og veðurmælingar sóttar gegnum símalínu. Sjálfvirk stöð mælir eftirfarandi:

- Lofthita.
- Rakastig.
- Meðalhita (síðustu 10 mín.).
- Vindátt.
- Vindhraða.
- Jarðvegshita á 5,25,50 og 100 cm dýpi.

Hefðbundnar mælingar fara fram kl 9.00. alla virkadaga. Þetta er gert að ósk veðurstofunnar, sem viðmiðun við sjálfvirku stöðina. Veðurstofan mun síðan í framtíðinni senda samantekt á veðurmælingum ársins. Eftir er að setja upp geislunarmæli við stöðina, á meðan verður notaður gamli sólararmælirinn.

2. VÖXTUR OG PRIF TRJAGRODURS.

2.1. Vöxtur.

Agætur vöxtur var í flestum tegundum í sumar, þó ekki eins og sumarið á undan. Í innskóginum mátti finna allt að 80 cm sprota á stafafuru. Flest lerkikvæmin gengu frá góðu vetrarbrumi.

2.2. Fræfall.

Lítið var um fræ á birki í sumar, þó var safnað af norsku birki frá Skillingsstað (pl 1970). Safnað var af sveigfuru innan við Kerlingará. Könglamyndun á lindifurunní er orðin árviss, ekki þótti ástæða til að safna henni í ár. Töluverð könglamyndun var á rauðgreni í innskóginum. Flestir könglarnir voru búnir að opna sig þegar átti að safna.

2.3. Frost.

Ekki varð vart við neinar áberandi frostskemdir í skógi.

2.4. Skordýr.

Lítið varð vart við sitkalús í skógi, þó fannst í haust töluvert af lús í blöndunni af Modolerki, rauðgreni og blágreni á Hafursá. Sýni voru send á Mógilsá til skoðunar.

Um miðjan júlí fór að bera á töluverðum skemmdum á fjallapini í Mörkinni. Nýir sprotar voru nagaðir og nálar einnig, sérstaklega á gamla pininum í Neðsta reit. Einnig var töluvert um skemmdir á rauðgreni og blágreni frá 1985 í lerkinu á Hafursá. Við nánari athugun reyndist þetta vera skógvefari (tígulvefari), sem að öllu jöfnu er á birkinu.

3. STARFSFOLK.

3.1. Starfsfólk ársins 1992.

Á árinu 1992 komu alls 43 á launaskrá hjá Skógrækt ríkisins á Hallormsstað, unnin voru 16,7 árssverk.

Katrín Ásgrímsdóttir byrjaði í barnsburðarleyfi í júní, en Bergrún Arna Þorsteinsdóttir leysti hana af fram yfir áramót.

Mötuneytið í Mörkinni byrjaði 25.maí og lauk 28.ágúst. Guðlaug Kröyer leysti Ingibjörgu Sigurðardóttur af, síðasta hálfan mánuðinn.

Tveir kanadískir nemendur við háskólann í Edmonton dvöldu hér við ýmis störf í hálfan mánuð.

4. GIRDINGAR.

4.1. Viðhald girðinga.

a) Skógargirðing á Hallormsstað.

Farið var með girðingunni dagana 4.-11.júní. Frekar lítið þurfti að gera við hana, enda góður vetur. Kaflinn frá Þverbjargi og út að Hafursárgili er orðinn lélegur, vegna aldurs og veðurálags.

b) Eiðagirðing.

Atjándi og níttjándi júní var girðingin lagfærð. Nánast ekkert þurfti að gera við hana. Í nóvember var endurgirtur 100 m. kafli í Grafargirðingu, fyrir neðan Grafarvatn. Þessi kafli var orðinn gjörsamlega ónýtur. Héraðsskógar lánuðu fjórhjól til að koma efninu úteftir, því vegna bleytu er illfært þangað nema á slíku tæki.

c) Múlastekksgirðing. (Skriðdal)

Eypór Hannesson í Birkihlíð sá um viðhald á girðingunni. Skógræktin tók þátt í kostnaði við lagfæringu á veginum upp á Múlann frá Borg.

d) Hálsgirðing

Farið var með girðingunni 19.júní. Í Hafursárgilinu hafði hún slitnað, en að öðru leyti kom girðingin vel undan vetri.

e) Jórvíkurgirðing. (Breiðdal)

Dagana 22. og 23.júní var girðingin lagfærð. Um hefðbundið viðhald var að ræða, þ.e. að girða upp í lækjum og giljum. Enn skal áréttað að girðingin er orðin mjög léleg að ofanverðu og að innanverðu. Nauðsynlegt er að endurgirða, ef svæðið á að vera friðað í framtíðinni.

4.2. Nýjar girðingar.

Engar nýjar girðingar voru girtar á vegum deildarinnar á þessu ári. Hreindýragirðingar voru hafðar rafmagnslausar í allan vetur, enda engin dýr á svæðinu og er það vel.

5. SKOGARHÜGG.

5.1. Viður.

a) Birki.

Í byrjun janúar var lokið við að afkvista og draga út lauf-felldt birki á Höfða (svæði utarlega í skóginum). Þann 17.mars var byrjað að grisja birki uppi við Selbotn (inn og upp af Sólheimum). Viðurinn var kurlaður í flís jafnóðum. Þrettánda apríl var byrjað að grisja svæðið upp með Ljósá að framan, frá Þjóðvegi og upp að járnruslahaugum. Því lauk 28.apríl. Þá var byrjað að grisja svæðið á milli Sellækjar og Ljósár. Grisjað með keðjusög ofan til, en kjarrsög niður undir Fljót og var þessu lokið 13.mái.

Grisjað birki	R-801,1,3	ca, 1,8 ha.
" "	R-803,3,5	" 3,5 "

b) Ungskógar.

Tuttugasta og sjöunda janúar var byrjað grisja lerkið frá 1957 upp af Atlavíkurstekk. Grisjað var niður í 800 stk/ha. Jafnframt var grisjað hvít- og douglasgrenið við Smithersfuruna á Atlavíkurstekk.

Í lok janúar var stafafura sem er fyrir innan og ofan við Atlavík grisjuð niður í 1200 stk/ha. Í byrjun febrúar hófst grisjun á Askiz lerki í Partinum (yst í skóginum). Byrjað var niður við Þjóðveg og grisjað upp að raflínu. Grisjað var niður í 1000 stk/ha. Unnið var við þetta með hléum allan febrúarmánuð.

Þann 23.mars var hófst grisjun og útdráttur úr Altailerki framan við Ræsin (Mjóanes). Grisjað var í 500 til 600 stk/ha og var plantað þin í svæðið í sumar. Allt efni, sem grisjað var úr svæðinu, var dregið út óafkvistað og var það kurlað í flís jafnóðum. Verkinu var lokið 3.apríl.

Grisjaður ungsógur	R-722.6	ca 0,2 ha	Stafafura
"	"	R-714.3	ca 1.04 ha Lerki
"	"	R-711.2	ca 0.65 ha Lerki
"	"	R-711.5	ca 0.1 ha Hvít- & douglasgr.
"	"	R-300.7.8.14	ca 2.5 ha Lerki
"	"	R-198.2	Altailerki

c) Viðarvinnsla.

Í febrúar var ákveðið að nota lerkipanel til klæða vegg í móttöku og á gangi nýju Aðalskrifstofu Skógræktarinnar á Egilsstöðum. Grisjaðir voru lerkiteigar gróðursettir um og upp úr 1960. Þegar búið var að draga út var farið í gegnum staflana og það sem var of svert í staura var sagað frá.

Lerkibolunum var ekið heim að sögunarmyllu Skógræktarinnar uppi í gömlu Stöð. Þar voru 130 cm til 150 cm langir bolir flokkaðir frá. Þá voru sagaðir tveir réttir kantar á þá, alls 130 boli. Síðan var farið með kuntuðu bolina í Trésmiðju Fljótsdalshéraðs, þar var þeim flett í 15 mm þykk borð.

Úr þessu komu um það bil 1000 borð, sem var raðað á bretti til þurrkunar í þurrkgám Skógræktarinnar. Byrjað var að stilla þurrkarann á 30°C hita og 70% rakastig og síðan aukinn hiti og rakastigið minnkað í áföngum.

Eftir ellefu daga var rakastigið í viðnum orðið 7-10%. Þá var efnið flutt aftur út í Trésmiðju Fljótsdalshéraðs til loka-vinnslu í kílvél. Til gamans má segja frá því að það voru um 600 lítrar af vatni sem komu úr þessum 1000 borðum. Afganginum af lerkibolunum var flett í borð og planka sem staflað var til þurrkunar úti. Þetta vildi springa nokkuð og er það trúlega vegna of hraðrar þurrkunar.

Sýnishornum af þessum plönkum hafa verið send víða um land og á eftir að koma í ljós hvernig mönnum líkar framleiðslan.

Um miðjan mars var leigður flískurlari frá Skógræktarfélagi Reykjavíkur til kurlunar á birki og lerkí úr grisjunum. Einnig fengum við lánaða 120 hp URSUS dráttarvél hjá Þorvarði Ingimarssyni á Eyrarlandi til að knýja kurlvélina.

Byrjað var á að grisja birki uppi við Selbotn. Svæðið var grisjað niður í ca 500 tré á hektara. Allt sem sagað var, bæði smátt og stórt var dregið út og kurlað. Verkið var unnið þannig að einn maður felldi, annar dró saman og hengdi á spilið, þriðji dró út og tveir unnu við flísvélina. Það tók þrjá daga að hreinsa út og kurla tæpan hektara. Sama aðferð var notuð í lerkiteig sem er innan við Ræsin fyrir neðan Freyshóla.

Megnið af flísinni var selt í útivistarsvæði á Egilsstöðum, en hluti var notaður í stígagerð í trjásafninu í Mörkinni. Einnig var svolítið sett í poka og selt hingað og þangað um landið. Það voru framleiddir um það bil 140-150 rúmmetrar af flís úr þessum tveimur reitum. Ef selja á flís í beð, þá verður líklega að afkvista áður en kurlað er. Útlit flísarinnar er þá betra og einnig minna um smágreinar.

Önnur viðarvinnsla fór fram á hefðbundinn hátt. Samdráttur er í sölu á arinvið og er orsökina sú að pizzuframleiðendur eru margir að skipta yfir í rafmagnsofna.

Sala girðingastaura árið 1992.

Girðingast. sverir, fúavarðir.....	769 stk
Girðingast. grannir, fúavarðir.....	678 stk
Girðingast. ófúavarðir.....	760 stk
Skurðbakkastaurar.....	80 stk
Styttur, fúavarðar.....	60 stk
Trjástoðir, ófúavarðar.....	1320 stk

Sala á arin- og smíðavið.

Arinviður.....	3584	pokar
Spánir.....	30	pokar
Viðarflís (birki, lerki).....	112	m ³
Smíðaviður; birki birkt.....	3946	dm ³
Smíðaviður; birki óbirt.....	3485	dm ³
Smíðaviður; lerki óbirt.....	2130	dm ³

d) Lauffelling.

Byrjað var að lauffella birki 5. ágúst. Stærstu svæði sem birkiskermur var grisjaður úr, var í lindifuru og rauðgreni í Krókum, douglasgreni í Flataskógi, þinur og stafafura í Mörkinni, kínagreni í Borgargerði og hvítgrenið var klárað innan við Króklæk neðan við Þjóðveg.

Lauffelldur birkiskermur	R-700,6	Hvítgreni (rest)
" " " "	R-305,6	Kínagreni
" " " "	R-612,6,8	Lindifura, rauðgreni.
" " " "	R-411,1,2,3	Douglasgreni og fl.
" " " "	R-406,3,4	Hvítgreni (rest)
" " " "	R-602	Þinur, stafafura.

5.2. Jólatré.

Byrjað var að fella stór jólatré um miðjan nóvember og var þeim síðustu ekið út 11. des. Áttunda desember var byrjað að fella minni tré en það sóttist frekar seint. Leita þurfti margsinnis í hverjum reit til að finna þökkalegt rauðgreni. Tré voru frekar gul í ár, trúlega vegna haustfrosta, einnig gæti það stafað af skemmdum eftir könguling. Töluvert fleiri vinnustundir þurfti til að finna tré en í fyrra. Blágreni var ekki á sölulista í ár. Þó voru sótt um 60 blágr. í mýrarnar í Mjóanesi, Blómabær á Egilsstöðum sá um sölu á þeim.

Frá Landgræðslusjóði voru keyptir 190 stk af norðmannspin og seldust 177 stk. Rúmlega 200 stk seldust árið á undan. Alls seldust 809 jólatré úr skóginum í ár, það er um hundrað trjáum fleira en í fyrra.

Sala jólatrjáa frá Hallormsstað 1993.

Stærðarflokkar	Trjátegundir.				Alls
	Rauðgreni	Stafafura	Fjallapínur	Blágreni	
0.70-1.00 m	48	5	2	55	
1.01-1.25 m	105	19		18	142
1.26-1.50 m	247	19		15	281
1.51-1.75 m	145	19	6	11	181
1.76-2.00 m	36	7	2	14	59
2.01-2.50 m	16	3	3	1	23
2.51-3.00 m	16				16
3 - 4 m	21		3	1	25
4 - 5 m	7		2		9
5 - 6 m	9		1		10
6 - 7 m	2				2
7 - 8 m	1				1
8 - 9 m	1				1
9 - 10 m	2				2
10 - 11 m	1				1
11 - 12 m	1				1
Alls:	658	72	17	62	809

Greinasala:	Norðmannspínur	487 kg
	Sýpress	82 kg
	Fjallapínur	158 kg
	stafafura	84 kg

6. GRODRARSTÖÐ.

6.1. Fræplöntur.

Sáning hófst óvenju snemma. Byrjað var að fylla í bakka 2.mars og var fyrsta sáning bleytt 27.mars. Það var birkisáning. Sáningin var fyrir margt merkileg því með henni var vígður nýr áburðarblandari og net til upphækkunar (sjá nýframkvæmdir 6.5.), auk þess sem þetta var í fyrsta sinn sem sáð var svo snemma og afhendt sama vor. Attunda apríl var síðan gróðurhús I fyllt með lerki og stafafuru og var þá sáð í fyrsta skipti með nýrri sáningarvél. Sáð var að mestu leyti einu fræi í gat af lerkinu því uppgefin spírunarprósenta frá Svíþjóð var mjög há, eftir viku spírunarprófun. Spírun reyndist ekki aukast eftir þá viku og reyndist spírunarprósenta rúmlega 50%. Bakkarnir voru því hálfþómir eftir sáningu.

Um páskana þegar spírun var í fullum gangi urðum við fyrir því áfalli að hluti lerki- og stafafurufræsins spíraði ekki niður, heldur lá ofan á. Reynt var að bjarga því sem hægt var með að prikkla því niður, en ekki var komist hjá því að talsvert eyðilegðist. Astæðan fyrir þessu er líklega of mikil vökvun á því viðkvæma tímabili þegar fræið er að spíra. Einnig urðu skemmdir í jöðrum bakkanna vegna músa en ekki er vitað til þess áður að mýs hafi sótt í lerki- og stafafuru-fræ.

Sáning í gróðurhús II hófst 26.maí og var henni lokið 28.maí, að undanskildu ísl.birki, hengibjörk og gráelri. Spírun heppnaðist nokkuð vel, nema að mýs skemdu aðeins fyrir henni og átu nokkuð af fræi, þó aðallega í köntum. Grisjun hófst síðan 26.júní og henni lokið 7.júlí. Gerð var tilraun með að setja "waterwork" utan um blágrenifræ og því svo sáð í sáningarvélinni, var sáð alls í 180 bakka. Erfitt var að sá fræinu vegna þess að það vildi stífla vélina. Reyndist þetta illa, því mjög lítil spírun varð og ekki komu nema örfáar plöntur úr bakka. Prikklað var í þessa bakka með plöntum úr blágrenibökkum þar sem ekki hafði verið notað "waterwork". Prikklað var í tóms göt af öðrum grenitegundum, bergfuru og reyndist það vel. Birki, hengibjörk og gráelri var síðan sáð 11.júní. og grisjað 29.júlí.- 6.ágúst. Af hengibjörk og gráelri vantað spírunarprósentu. Hún virðist hafa verið heldur lág svo það urðu mörg tóms göt.

Sú breyting varð á sáningu í ár að sáð var tvisvar í hús I. Seinni sáning byrjaði aftur 15.-16.júní er sáð var 3149 bökkum af lerki. Bakkarnir í sáninguna voru moldarfylltir 11.- 15.júní. Spírun kom mun betur út í húsi I en aðeins bar á músagangi, en þær gerðu minni usla en í húsi II. Grisjun hófst 7.júlí og dróst nokkuð vegna annarra verkefna og lauk henni ekki fyrr en 21.júlí.

Lerkið og stafafuran, sem var úr fyrstu sáningu var flutt út á plan 2.júlí. Fengu plönturnar nokkuð mikið áfall, svo þær urðu fjólubláar. Það gerði lerkinu lítið til því það hélt áfram að vaxa, en stafafuran hætti að mestu að vaxa.

Bakkar voru þvegnir 9. júlí til að hægt væri að sá birki í hús I, 5376 bökkum af fp.67. Moldarfylling hófst 13. júlí og lauk 15. júlí. Sáð var strax daginn eftir og lauk sáningu 17. júlí. Akveðið var að fylla húsið af birki; bakkar voru þvegnir 20. júlí og moldarfylltir 21. júlí. Spírun var þolanleg en nokkuð mikið var af tómun götum, en misjafnt eftir kvæmum. Grisjun hófst 17. ágúst og var ráðinn mannskapur sérstaklega til þess. Grisjunin tók eina viku. Lindifuran sem sáð var haustið 1991, kom vel út og var henni prikklað í júní - júlí, en hún var að koma upp fram eftir sumri. Var henni prikklað í fp40 og tókst vel.

Fjallapín var sáð í endaðan júní og var honum prikklað í ágúst og kom hann vel út, en var þó frekar smár. Sáð var ýmsum tegundum í dreifsáningarbakka og prikklað síðan yfir í fp40 í júlí - ágúst. Þær tegundir sem sáð var til voru: Runnafura, Pinus wallichiana, Pinus roxburghii, Thuja plicata og Tsuga heterophyle. Einnig var safnað álmfræi á Ormsstöðum 30. júní og var þeim sáð í litla plasthúsið 1. júlí, samtals 1,2 kg. Þrjú kg. voru send á Mógilsá. Lengi vel kom ekkert upp en síðan fór að grilla í eina og eina. Í endaðan ágúst voru um 400 álmplöntur komnar upp.

Lítið var um kal og aðrar skemmdir á skógarplöntum á útiplani. Flestar komu nokkuð vel undan vetrinum og skilaði einangrunarplastið meðfram bökkunum ætlunarverki sínu. Svólítið var um skemmdir á plöntum í körmum en hana mátti rekja til þess að plastið rifnaði. Nokkuð var um kal í lerkinu. Fjallapínur í dreifsáningarbeðum fór nokkuð illa eftir áramót og var þó nokkuð ónýtt í beðunum. Skemmdir urðu nokkuð miklar á sitkagreni, sitkabastaði, hvítgreni og blágreni á frystinum í vetur vegna útpurrkunar. Líklega eru orsakirnar ónógur raki á frysti og að frost var of lengi á.


Sumarvöxtur á planinu var nokkuð góður. Blágrenið í Fp60 óx frekar hægt og urðu plönturnar nokkuð minni heldur en í Fp35. Sveppaúðun var svipuð í húsunum og árið áður en sveppaúða þurfti birkið úr síðustu sáningu nokkuð mikið, vegna myglu og of mikils raka í húsinu. Loftað var út á hverjum degi eftir miðjan ágúst og reyndist það vel. Lerkið í húsi II gekk frá sér í byrjun ágúst nokkuð fyrr en venja er til, en í húsi I hálfum mánuði síðar.

Haustvinna og vetrarundirbúningur var af svipuðum toga og í fyrra. Byrjað var heldur fyrr í ár að þétta; 2. sept. í lerkinu sem tekið var út í sumar. Byrjað var að þétta lerkið í húsi II 10. sept. og reyndust plönturnar vera heldur í minna lagi. Stærðarflokkun var breytt úr 8 cm. niður í 6 cm. Þetta var einnig gert í húsi I og var allri þéttingu lokið 11. okt, nokkru fyrr en árið áður. Einnig var þétt í ísl. birki, hengibjörk og gráelri.

Smáplönturnar af lerkinu úr húsi I voru settar undir plast, en annars fór allt lerkið út á plan og var sett 2" einangrunarplast með öllum köntum. Hluti af birkinu úr húsi I var flutt í hús II í endaðan nóvember. Afgangurinn verður fluttur í hús II eftir áramót. Plönturnar eru of smáar til að afhenda þær snemma vors, svo ákveðið er að flýta vexti næsta vor með kyndingu í húsi II.

Plastdúkurinn var tekin af húsi II um miðjan des. Tveggja ára greni og furu var pakkað í kassa: 180 stk. af greni í hvern kassa og 320 stk. af furu. Þökkun gekk vel og var hún framkvæmd 20.okt. til 2.nóv. Sveppaúðað var yfir kassana með "Euparen" og sú breyting var gerð að kassarnir voru látnir standa uppi í skemmu í 2-3 daga eftir úðun, svo barrið fengi að þorna aðeins áður en það væri sett niður á kæli. Kælirinn var stilltur á +3°C - 0°C. fram til 15.des. en þá var hann stilltur á -3°C. Til að halda rakanum milli 95-98% var gripið til þess ráðs að fara með heitt vatn í bala inn á kælinn og gafst vel. Plast var sett yfir geymslukarma á útiplani 22.des.

Afhending skógarplantna 1987-1992



AFHENDING SKÓGARPLANTNA 1992.

Tegund	Kvæmi	Númer	Gerð	Aldur	Magn
Rússalerki	Pinega	900014	fp-67	"1/0	479966
Rússalerki	Imatra	910016	fp-67/95	"1/0	138168
Rússalerki	Vilhelminmäki	910017	fp-67/95	"1/0	79290
Rússalerki	Östeg	890031	fp-95	"2/0	49117
Blágreini	Carson	890003	fp-35	"2/0	20962
Hvítgreini	Andorage	862174	fp-35	"2/0	3730
Sítkagreini	Seward	880003	fp-35	"2/0	2028
Sítkabast	Kenai	880004	fp-35	"2/0	3275
Stafafura	Taraldsöy	900004	fp-35	"2/0	1976
Stafafura	Taraldsöy	910018	fp-60	"1/0	13442
Fjallapínur	Skagway-Tu.	880002	fp-35	"2/2	1175
Fjallapínur	Skagway-Tu.	880002	fp-35	"3/0	8125
Ísl birki	Mörk-Hall	880006	fp-35	"1/0	9245
Ísl birki	Mörk-Hall	880006	fp-67/95	"1/0	10960
Ísl birki	Mörk-Hall	880010	fp-95	"1/0*	69085
Ísl birki	Skorradalur	910010	fp-95	"1/0*	34765
Ísl birki	Hrafnagil	890021	fp-95	"1/0*	139732
Hengibirki	Sälkenaværri	862187	fp-35	"1/0	1345
Gráölur	Mörk	910010	fp-35	"1/0	1295
Alaskaviðir	brúnn		fp-35	**	1190
Alaskaviðir	S-2A		fp-35	**	420
Alaskaösp	Kenai E		fp-40	**	550
Alaskaösp	C-10		fp-40	**	680
				Alls:	1070521

* Sáð í mars og afhent í júní

** Stungið í apríl og afhent í júní

SÁNING SKÓGARPLANTNA 1992

Tegund	Kvæmi	númer	sán.tími	fp gerð	tjöldi	ísáð	göt
Rússalerki	östeg	920002	80492		67	2672	179024
Rússalerki	östeg	920002	80492		40	40	1600
Rússalerki	imatra	920007	280592		67	5724	383508
Rússalerki	imatra	920007	160692		67	3149	210983
Mýrarlerki	Delta Junchion	920009	280592		67	144	9648
Blágreni	rio grande	910007	260592		40	396	15840
Blágreni	rio grande	910007	260592		40	180	7200
Sitkagreni	tumastaðir	910035	260592		40	216	8640
Sitkabast.	seward	910004	270592		40	216	8640
Bergfura	haustholm	920003	260592		40	108	4320
lindifura	mök-hall	862200	dr:í okt91		40	187	7480
Runnafura	mopoden	910011	dr		40	35	1400
Stafafura	taraldsöy	910018	60592		40	1040	41600
SF + RL	tarald-imat.		60492		40	56	2240
P. roxburghii	Kathera Distr. Nepal		dr		40	5	200
P. wallichiana	Kabhera Distr. Nepal		dr		40	22	880
Fjallapínur	kootenai	910006	dr. e.júní		40	482	19280
Thuja plicata		F79033	dr. e.júní		40	69	2760
Tsuga heterophyle		F80049	dr. e.júní		40	20	800
Ísl. birki	hrafnagil	890021	270392		95	2016	191520
Ísl. birki	skorradalur	910010	270392		95	588	55860
Ísl. birki	mörk-hall	880010	270392		95	1354	128630
Ísl. birki	mörk-hall	880010	110692		40	648	25920
Hengibjörg	rognan		110692		40	630	25200
Hengibjörg	Kittilä		dr.		40	89	3560
Ísl. birki	skorradalur	910010	170792		67	2770	185590
Ísl. birki	mörk-hall	880010	170792		67	1014	67938
Ísl. birki	þórðass.skó	910036	170792		67	1592	106664
Ísl. birki	skorradalur	910010	220792		67	936	62712
Ísl. birki	hrafnagil	890021	220792		67	960	64320
Ísl. birki	þórðass.skó	910036	220792		67	78	5226
Gráölur	mörk-hall	910025	110692		40	108	4320
ALLS:							1833503

AFHENDING SKÓGARPLANTNA 1993

Tegund	Kvæmi	Númer	Gerð	Aldur	Magn
Rússalerki	östeg	920002	fp-67	"1/0	86494
Rússalerki	imatra	920007	fp-67	"1/0	471308
Rússalerki	imatra	910016	fp-67/95	"2/0	18700
Rússalerki	Pinega	900014	fp40/67	"2/0	30000
Rússalerki	Wilhelminm.	910017	fp67/95	"2/0	19000
Hvítgreni	Andorage	862174	fp-35	"3/0	2485
Sitkagreni	Seward	910002	Kassar	"2/0	8460
Sitkagreni	Seward	910002	fp-35	"2/0	5355
Sitkabast.	Seward	910004	Kassar	"2/0	8280
Sitkabast.	Seward	910004	fp-35	"2/0	5355
Bergfura	Hanstholm	910013	fp-60	"2/0	1500
Stafafura	Taraldsöy	910018	Kassar	"2/0	5664
Lindifura	Irkutskaja	872191	Berrót	"3/3	1206
Lindifura	Punkaharju	880017	Berrót	"2/3	4476
Fjallapínur	Stange	880015	Berrót	"3/2	443
Fjallapínur	Kaupvanger	880016	Berrót	"3/2	1215
Fjallapínur	Skagway -T	880002	Berrót	"2/3	2754
Fjallapínur	Skagway -T	880002	Berrót	"2/2	12457
Fjallapínur	Ethel lake	880022	Berrót	"4/0	1000
Fjallapínur	Windy arm	870008	Berrót	"3/2	2817
Ísl.birki	Skorradalur	910010	fp-67	"1/0	161336
Ísl.birki	Hrafnagil	890021	fp-67	"1/0	41808
Ísl.birki	Þórðarsst.skó.	910036	fp-67	"1/0	78323
Ísl.birki	Mörk-Hall	880010	fp-67/40	"1/0	71023
Hengibjörk	Rognæn	*	fp-40	"1/0	10210
Hengibjörk	Ýmis kvæmi	*	fp-40	"1/0	3560
Gráölur	Mörk-Hall	*	fp-40	"1/0	1280

ALLS: 1056509

* Fór ekki í gegn um rannsóknastöð, því er ekkert frænúmer

6.2. Dreifsetning.

Ekkert var dreifsett í ár. Tekið var upp úr dreifsetningarbeðum bæði frá 1990 og 1991. Tekin var upp öll lindifura og fjallapínur, nema fjallapínurinn sem dreifsettur var í karma vegna smæðar, hann var skilin eftir. Upptakan hófst 12.10 og var henni lokið 15.okt. Plöntunum var pakkað í plastpoka og úðað með Brassicol í pokanna og þeim raðað í rekka niður á plöntufrysti.

6.3. Afhending skógarplantna.

Eins og á síðasta ári var lögð mikil vinna í afhendingu skógarplantna. Búið var að þetta megnið af lerkinu haustið áður og byrjað var á því í vor að þetta afganginn. Nokkuð var af kölnum plöntum í bökkunum sem þétt var í haustið áður. Fara þurfti yfir allt lerkíð aftur fyrir afhendingu, var það fljótlegt verk.

Þetta er í fyrsta skipti sem sáð er í mars og þær plöntur afhentar í júní sama ár. Úr sáningunni voru yfir 200 þúsund plöntur af birki afhentar til Landgræðsluskóga, einnig nokkuð af lerki og svolítið af blágreni. Alls voru þetta yfir 350 þúsund plöntur. Þetta þurfti allt birkið og reyndist það frekar seinlegt og tímafrekt, því rótarhnausinn var ekki orðinn nógu þéttur. Kom í ljós að rótarhnausinn var misjafn eftir kvæmum. Skorradalur var með besta rótarhnausinn en Hrafnagil þann versta og Mörk Hall. var mitt á milli þeirra.

Til Héraðsskóga voru afhentar 500.000 plöntur og fór afhending fram frá enduðum maí fram í sept. Ekki voru allar plönturnar sóttar um vorið. Þær plöntur sem eftir urðu voru skyggðar í júlí - ágúst og þær afhentar í ágúst. Smáræði er enn eftir í stöðinni af plöntum sem Héraðsskógar eiga og verða þær afhentar næsta vor alls 3597 stk.

Eins og í fyrra voru plöntur sendar út fyrir landsteinana. Til Grænlands voru sendar 3000 lerkiplöntur í kössum. Plönturnar voru sendar með flutningabíl til Reykjavíkur 20.sept. og fóru þaðan með flugi til Grænlands.

Plöntur sem ætlaðar voru í sölu seldust að mestu. Þó voru eftir lerkiplöntur sem kólu og þær sem voru flokkaðar úr vegna smæðar; einnig eru eftir 2701 stk. af lerki.

6.4. Garðplöntur.

Enn er svolítið eftir af garðplöntum sem skógræktin á, annars er mest af þeim garðplöntum, sem eru í reitunum í eigu Sólskóga. Þeir reitir sem Sólskógar eiga eftir að tæma eru C, E og H2. Skógræktin á garðplöntur í D-reit og svolítið á sölusvæðinu.

6.5. Nýframkvæmdir.

Fjölpottabakkar voru settir á uppækkun í húsi I. Fest voru stög í báða enda og strekkt girðingarnet á milli sem bakkarnir hvíla á. Er þetta gert til að stöðva rótarmöxt niður úr bökkunum og örva rötarmyndun. Byrjað var á framkvæmdinni 9.mars og netið tekið í notkun 26.mars.

Keyptur var nýr og fullkominn áburðarblandari. Byggt var yfir 5 metra hluta af báruplasthúsinu og hann einangraður. Einnig var grafið frá í kring og einangrað ca. 50 cm niður í jörð. Komið var fyrir gömlum rafmagnsöfnunum sem heldur hita á húsinu. Blandaranum var komið þar fyrir. Einnig er ætlunin að hafa þarna afgreiðslu v/ afhendingar skógarplantna og til geymslu á búnaði er tengist ræktuninni. Settar voru upp hillur í desember.

Nokkrar breytingar voru gerðar á vatnskerfi í húsin í tengslum við nýjan áburðarblandara. Lagðar voru 4 greinar frá áburðarblandaranum; á planið, í hvort gróðurhús og ein liggur í krana utan á húsinu svo að hægt sé að slönguvökva með áburðarvatni annars staðar. Einnig er hægt að tengja framhjá blandaranum. Vatnsleiðslan í gróðrarstöði sem grafin var í jörðu síðastliðið haust var tengd við kerfið í reitnum. Sett var tunna um kranana þar sem greinin skiptist í reitinn annars vegar og í húsin hins vegar. Tunnan var síðan einangruð svo að hægt er að hafa vatn á allan ársins hring að áburðarblandaranum.

Í húsi I og II var skipt um allar plastpulsur til að hita húsið og í stað gömlu járnupphengjanna voru sett plastupphengi.

Sigurður Eiríksson smíðaði borð fyrir grisjun á skógarplöntum, fyrir seinustu grisjunina í sumar. Þau eru tvö, hvort sínum megin við miðgang í húsinu og geta fjórir unnið við hvort. Þetta reyndist vel, stelpurnar sátu beinni við borðin og einnig var grisjað betur.

Flutningagrindur voru lagaðar í haust þegar skorin var ofan af þeim efsta hillan, svo þær rækjust ekki alltaf upp í loft á húsi II.

Vökvunarbrautin á planinu var löguð, en mikil vandræði urðu síðasta sumar, því bóman var alltaf að fara af sporinu. Nú er hægt að vökva nokkuð áfallalaust á hálfri planið í einu.

Skipt var um hjól á bómunni í húsi I seinni hluta sumars, þegar gömlu hjólin voru algjörlega búin að syngja sitt síðasta.

Settur var sjálfstæður oliubrennari við kyndara í húsi II í sumar. Eftir þá breytingu er hægt að hafa kælingu í gangi án þess að oliudælan snúist með. Skipt var um rafmagnskapal á bómu í húsi II í sumar, settur var grennri kapall og liprari. Einnig var komið fyrir sjálfvirkum gluggaopnara á húsi II og keyptur einfaldur hitastillir.

Sigurður Eiríksson breytti moldarfyllingarvélinni, svo að hún þjappaði mun betur. Einkum var akkur í að fá sjálfvirkt þjöppunarbretti fyrir 67 gata bakka. Keypt var nýtt færiband í hana um mitt sumar.

Að beiðni Vinnueftilits ríkisins var sett upp vifta í eiturkompuna í haust og er hún tengd við ljósarofann í kompunni.

6.6. Ýmislegt í gróðrarstöð.

Jólatrén í uppeldisreitum komu nokkuð vel undan vetri, bæta þurfti inn ca. 90 plöntum í vor. Reitirnir voru úðaðir með Weedex um miðjan maí, síðan eftir að illgresi kom upp var úðað með Roundup í byrjun júlí. Í byrjun ágúst voru komnir nokkuð stórir arfablettir, svo ráðist var á þá með arfasköfu. Aburður var settur tvisvar á reitina, um vorið og um mitt sumar.

Eiturkompa var þrífinn í haust og tekið til í henni, enda veitti ekki af. Einnig var allt gamla eitrið tekið úr kössum og sett í eina tunnu sem senda á til eyðingar.

Sóttur var vikur upp í Hóla í haust, farið var á Deutz með vagn og sóttir 5 rúmmetrar af vikri.

Á árinu var keypt sáningarvél, sem er sameign gróðrarstöðva Skógræktar ríkisins. Vélin er frá fyrirtækinu BCC í Svíþjóð og kom maður til landsins í byrjun apríl til að kenna á hana. Vélin verður í umsjón gróðrarstöðvarinnar á Hallormsstað og er Sigurður Eiríksson umsjónamaður. Vélin var notuð á 5 gróðrarstöðvum fyrir utan Hallormsstað og fór Sigurður í 5 ferðir í sumar með vélina og hafði umsjón með sáningu. Alls var sáð með vélinni í 48.280 bakka á árinu eða 2.419.364 göt.

Græðlingar voru teknir af öllu víðisafninu frá Alaska niðri í Neðsta reit í fyrra. Í vor var síðan farið yfir stunguna. Talsvert var dautt innan um og þurfti að safna aftur rúmlega 500 klónum. Stungið var fimm græðlingum af hverjum klóni. Þórarinn E. Benedíkz kom síðan í júní og sá um að flokka efniviðinn. Safninu var svo plantað í svart plast út á Hafursá. Hluti er þó enn í uppeldi.

7. GRÓÐURSETNING.

7.1 Gróðursetning í lönd SR Hall.

Ekki var byrjað að planta fyrr en 22. júní. Helstu ástæður fyrir því eru að ljúka þurfti öðrum verkum, svo sem upptöku á hnausplöntum úr skógi, grisjun og afhendingu á skógarplöntum.

Byrjað var að planta stafafuru í TDS-plægingu (önnur hver röð) fyrir utan og neðan í Hestmel og síðan inn í lerkið ofan við plæginguna. Þá var lerki (Pinega, berrót) plantað inn í stafafuruna í TDS-strengina (efst). Dagana 26. til 30. júní var plantað fjallapín inn í Altailerki grisjunina við Ræsin.

Gróðursetning á blágreni hófst 1. júlí plantað var upp við Selbotn (neðan við Selfoss). Þetta á að verða tilraunareitur fyrir jólatrjáaræktun. Þann 3. júlí var plantað blágreni innan við Kerlingará, niður undir fjöru. Í efri hluta svæðisins var plantað fjallapín upp að greninu. Sjöunda júlí var byrjað planta blágreni niður í brekkurót við fjöru á milli Ljósár og Sel-lækjar. Gróðursett var upp að stíg sem liggur niður í stykkið. Endað var á að planta fjallapín út frá Ljósá neðan við þjóðveg.

Þá var byrjað að gróðursetja lerki neðan í Hestmel og var plantað inn brekkuna að eldri gróðursetningum og verki lokið 17. júlí. Byrjað var 20. júlí að planta utan við Hestmel og plantað út hjallann ofan við gróðursetninguna frá 1983. Einnig var plantað fjórum lerkikvæmum utan í Hestmel og þau aðgreind með sitkabastarði.

Byrjað var 23. júlí að planta lerki uppi á Hestmel þar sem vegurinn liggur upp á hann. Það verður gaman að sjá síðar hvernig þessar plöntur koma til. Gróðursetning endaði þann 24. júlí á því að planta íbót af lerki inn í lerkið (R-207) á Hafursá.

7.2 Gróðursetning í umsjónarlönd SR Hall.

Þann 6. október var farið í Múlustekk við fjórða mann og plantað 1900 stk af lerkiplöntum (östeg) og 875 af birki (Mörk Hall).

Stefán Þórarinsson læknir á Egilsstöðum og fjölskylda tóku að sér að gróðursetja 27 bakka (fp35) af tveggja ára birki í Grafarlandið (Eiðapíngá). Gróðursettu þau birkið í lítil svæði, hugmyndin er að þetta verði fræbankar þegar framlíða tímar. Að öðru leyti er vísað í gróðursetningartöflu.

Gróðursetning Hallormsstað 1992													
Tegund	Kvæmi	Ald.	Fræ- númer	Plöntu- gerð	Reita númer	Hafursá.	Selbotn	Innan v Kerl.á	Ljósá- Sellæk	Múla- stekkur	Gröf	Alls	Athugasemdir
Blágreni	Carson	2/0	890003	fp.35	803		4270					4270	Jólatrjáatilaun
Blágreni	Carson	2/0	890003	fp.35	700.3			700				700	Frá fjöru
Fjallapínur	Skagway	2/2	880002	fp.35	700.3			3150				3150	
Fjallapínur	Skagway	2/2	880002	fp.35	801.3				596			596	
Blágreni	Carson	2/0	890003	fp.35	801.1.3				3955			3955	
Stafafura	Taraldsøy	1/0	910018	fp.80	208	2022						2022	TDS plægning
Stafafura	Taraldsøy	1/0	910018	fp.80	208.2	5812						5812	Pl. inni lerki
Stafafura	Taraldsøy	1/0	910018	fp.80	212.3	886						886	Pl. inni lerki
R.lerki	Pinega	1/0	900014	berrót	208	1868						1868	TDS plægning
Fjallapínur	Skagway	3/0	880002	fp.35	198.2	5040						5040	Pl. inni lerki
R.lerki	Imatra	1/0	910016	fp.95	212	12530						12530	Pl. inn m. Hestm.
R.lerki	Imatra	1/0	910016	fp.95	208	9243						9243	Pl. út frá Hestmel
R.lerki	Vilhelmináki	1/0	910017	fp.95	208	4387						4387	Pl. út að læk
R.lerki	Östeg	2/0	890031	fp.95	213	9880						9880	Uppi á Hestmel
R.lerki	Östeg	2/0	890031	fp.95	207	3420						3420	Pl. inni lerki
Sirkabast	Seward	1/0	910004	fp.35	208	140						140	Kvæmaskil
R.lerki	Pinega	1/0	900014	fp.67	208	938						938	Kvæmaprufa
R.lerki	Imatra	1/0	910016	fp.95	208	950						950	Kvæmaprufa
R.lerki	Vilhelmináki	1/0	910017	fp.95	208	950						950	Kvæmaprufa
R.lerki	Östeg	2/0	990031	fp.95	208	950						950	Kvæmaprufa
R.lerki	Östeg	2/0	990031	fp.95						1900		1900	Pl. í eldri gr.setn.
Birki	Mörk Hall.	1/0	880006	fp.35						875		875	Pl. víða
Birki	Kjarni	2/0	aðsent	fp.60							1620	1620	Pl. hi. og þangað
						Samtals	59127	4270	3850	4551	2775	1620	76193

8. HIRÐING UNGSKOGA.

8.1. Kjarrhreinsun.

Ekkert var unnið við kjarrhreinsun. Orsakast það af önnum í öðrum verkum.

9. BYGGINGAR.

9.1. Viðhald.

a) Hallormsstaðabærinn.

EKKI var um neitt meiriháttar viðhald í ár. Í lok ársins var sturtuklefi lagfærður og endurbættur.

b) Skemma.

Ekkert var unnið í viðhaldi á húsinu sjálfu. Í kjallara var allt þrifið, þar með talið frystar og kælar. Skipt var um dýsu í þensluloka í matvælafrysti og einnig legur í rafmótor fyrir frystipressu. Settar voru upp hillur í geymsluherbergi uppi á lofti. Skógræktarskilti var fest á vegg við skrifstofuna.

c) Markarhús.

Málað var salerni við útidyr. Málaðir voru veggir og skápar í eldhúsi. Baldur Jónsson smíðaði forláta trégrind (skópurka) fyrir framan eldhúsdyr því gamla grindin var af sumum talin stórhættuleg.

d) Akurgerði.

Í byrjun júlí gerðist hvort tveggja að það stíflaðist klóaklögn og neysluvatnslögn fór að mígleka, með þeim afleiðingum að flötin ofan við húsið varð eins og svampdýnur. Akveðið var að endurnýja klóakið út í stofnlögn og leggja nýja neysluvatnslögn í sama skurðinn. Skömmu fyrir jól var byrjað að setja upp tvo hitageyma fyrir kyndikerfið. Geymarnir voru smíðaðir hjá Bifreiðasmiðju Kaupfélags Arnesinga.

9.2. Nývirki.

EKKI risu nein nývirki hjá deildinni að þessu sinni.

10. VÉLAR OG VERKFÆRI.

10.1. Bifreiðir.

U-3357:

Í maí eyðilagðist millikassinn í bílnum. Fenginn var annar kassi að láni hjá Sveini Sigurbjörnssyni. Hann var settur í og er þar enn. Skipt var um nokkrar glussaslöngur í krananum í vor. Að öðru leyti var eingöngu um eðlilegt viðhald á svo gömlum bíl. Hjólbarðarnir undir bílnum að framan eru gjörsamlega ónýtir og verður að kaupa nýja.

U-1905:

Enginn öxull brotnaði í ár, en framdriftslokur reyndust ónýtar og voru keyptar fastar lokur í staðinn. Skipt var um nokkra hjöruliði, hjólalegur og spindillegur að venju. Keypt voru bæði sumar og vetrardekk undir vagninn.

SG-380:

Bifreiðin var seld í haust, Rannsóknastöð Skógræktar ríkisins Mógilsá.

RH-103:

Bifreið af gerðinni Toyota Double cap 4x4 bensín keypt ný, kemur hingað í byrjun nóvember í staðinn fyrir Rugguhestinn. Pallurinn var klæddur með krossvið og álvinklar settir í kverkar og brúnir.

10.2. Dráttarvélar.

Deutz:

Skipt um bolta í festingu fyrir þrítengibúnað að framan. Lagaður ljósabúnaður, hlífðarpanna, hraðtengi og skipt um glussaslöngu.

Ford 5000:

Gert við ljósabúnað, glugga og spegla vegna skoðunar. Gert við glussarör við stýrisvél.

MF 203:

Mótorinn var gerður upp frá grunni enda búið að fresta því í nokkur ár. Var það greinilegt að þetta hefði ekki mátt bíða stundinni lengur. Í leiðinni var farið í drifhús og fest þar tengihulsa sem hafði losnað. Eftir er að laga stýrisbúnað.

Ud-11:

Skipt var um kerti í vélinni eins og gert er alltaf þegar hún hættir að ganga.

Farmal cub:

Eingöngu eðlileg þjónusta við svo gamla og göfuga vél.

10.3. Önnur tæki.

Bremsur á viðarspili teknar upp og hreinsaðar, einnig skipt um þéttihringi í vökvakúplingu. Jeppakerrur lagfærðar þ.e.ljós, aurhlífar, skipt um hjólalegur, einhver dekk og felgur málaðar. Keypir nýir hnífar og snigill í birkingarvélina og vélin þrífín.

Flettisögin uppi í stöð var standsett. Sigurður Eiríksson meistari hannaði á hana búnað til að knýja hana með drifskafti. Í þetta var notað drif úr heyblásara, kúpling og drifskaft úr heybindivél. Þetta var smíðað til og lagað saman og virkar mjög vel. Vinnueftirlitið tók sögina út og í framhaldi af því voru smíðaðar á hana öryggishlífar.

Núna vantar bara betri lýsingu, rafmagn, op á húsvegginn að ofanverðu og kantsög; þá eigum við þarna sémilegar flettigræjur. Keyptar voru tvær nýjar keðjusagir: Jonsered 2045.

11. YMISLEGT.

11.1. Ferðalög, fundarhöld.

24.-29.feb. Skógarvörður NSR fund í Uppsölum. Seinni hluta ferðar skoðaðar flettisagir í Noregi.

10.-11.mars. Starfsmannafundur á Egilsstöðum.

25.maí. Skógarvörður ásamt áætlunarfulltrúa skoðuðu skógræktarskilyrði á Lundarbrekku í Nesjahreppi og Reyðará í Lóni.

29.maí. Kvinnalistakonur aðstoðaðar við gróðursetningu á Ekkjufelli.

28. ágúst. Aðalfundur Skógræktarfélag Íslands á Akranesi.
15. sept. Björn Björnsson á námskeiði í bókhaldi á Aðalskrifstofu.
1. okt. Starfsmenn á Hallormsstað fóru í fjögurra daga ferð í Vaglí og kynntu sér starfseminu.
30. okt. Skógarvörður fór í kynnisferð til Finnlands og Noregs ásamt sex skógarbændum.
6. nóv. Starfsmannafundur á Mógilsá.
9. des. Fundur í Valaskjálfi um svæðaskipulag.

11.2. Jarðakaup.

Tuttugasta og áttunda sept. undirritaði Landbúnaðarráðherra kaupsamning fyrir jörðinni Höfða í Vallahreppi til handa Skógrækt ríkisins. Jörðin var keypt af Vallahreppi, með þeim húsum er þar standa. Um það bil 500 ha lands eru taldir vænlegir til skógræktar. Fyrirhugaðar er að gróðursetja um 150.000 plöntur næsta vor.

11.3. Ferðafólk.

Aðsókn í Atlavík var nokkru minni en á síðasta ári, ástæðan gæti verið kaldur júlímánuður. Lítið sem ekkert var gert í Atlavíkinni vegna fjárskorts. Einungis var gert við það allra nauðsynlegasta, svo sem eftir skemmdir um hvítasunnuhelgi. Næturgæsla var um allar helgar frá og með hvítasunnu. Engin samkoma var um verzlunarmannahelgina. Skógræktin sá um samfelldar gæsluvaktir alla helgina. Helgin var frekar róleg, æsku Austurlands til fyrirmýndar.

Fjöldi gistinátta 1990, 91, 92.

	1990.	1991.	1992.
júní	557	610	472
júlí	3836	3410	2788
ágúst	<u>1320</u>	<u>1898</u>	<u>2072</u>
Alls:	5713	5918	5332

12. ANNAD.

12.1. Trjásafnið í Mörkinni.

Haldin var fundur í byrjun árs í sjóðsstjórn Theodórs Johnsen. Úr þeim sjóði skal veita til trjásafns á Hallormsstað. Í stjórn sjóðsins skulu vera skógræktarstjóri, forstöðumaður rannsóknarstöðvarinnar á Mógilsá og skógarvörðurinn á Hallormsstað.

Akveðið var að veita 1.500.000 kr á þessu ári til ýmissa verkefna í safninu, aðallega til, umhirðu og stígagerðar. Ekki náðist að framkvæma fyrir þá styrkuppþæð sem gert var ráð fyrir, enn áfram verður unnið á næsta ári í safninu.

Verkefni sumarsins í trjásafninu voru: Birkið og trjálundir innan við Kerlingará voru grisjaðir og snyrtir. Stígur innan við Síberíu var færður innar. Dreift var flís í stíginn frá gamla blágreninu niður að Neðsta reit og áfram frá lindifurum í Neðsta reit, (neðri hringinn).

Sagað var fyrir stíg (vegi) frá miðreit og gegnum Lambaból, að vegi frá verslun niður að fljóti. Möl í veginn var ekið úr fjörunni. Við verkið var notaður vörubíll Skógræktarinnar og grafa leigð frá Dagsverki á Egilsstöðum.

Í veginn voru lögð þrjú ræsi og byrjað var á brú úr lerkí yfir skurð í Svartaskógi. Bætt var inn í fleiri tegundum í safnið. Keypt var plöstanarvél til að plasta merkispjöld fyrir trjásafnið.

Í framtíðinni er áætlað að trjásafnið verði frá malargrús við verslun og inn undir Atlavík.

Verkefni næsta árs eru í grófum dráttum: Aframhaldandi stígagerð, brúarsmiði (steinbogabrú yfir Kerlingará) grisjun og snyrting trjálunda, endurhönnun merkinga einstakra trjáa, trjálunda og kortlagning.

Kostnaður við trjásafn 1992:

1561 vinnustundir.....	756.611 kr
Styrkur V/Eldlandsferðar.....	100.000 kr
Annað.....	<u>151.414 kr</u>

Alls: 1.008.025 kr

12.2. Vegagerð.

Í sumar var vegslóðinn upp með Ljósánni að framan sléttaður og malborin upp undir járnaruslhauginn. Einnig var keyrt nokkrum hlössum í vegslóða sem liggur frá þjóðvegi við Króklæk og upp að Selvegi. Mörg bryn verkefni biða hér í vegamálum.

12.3. Tilraunir og viðarmælingar.

a) Mæling á rauðgreni.

Í janúar byrjuðum við í samvinnu við Arnóri Snorrasson að mæla gamla rauðgrenið í Lýsishólnum. Lagðir voru út mælifletir og lauk útvinnu 17. janúar. Niðurstöður voru sendar til Asu Aradóttur á Mógilsá til tölvuúrvinnslu. Úr niðurstöðum þeirrar vinnu verður unnið heima í héraði. Tilgangur mælinganna:

- Mæla gróskustig rauðgrenis: Yfirhæð var notuð sem mælistika á grósku.
- Mæla standandi viðarmagn og viðarvöxt rauðgrenis.
- Akvarða og mæla rúmúrtak (m³) við grisjun.
- Mæla stofnform og stofngæði rauðgrenis.

Aform eru um að birta niðurstöður þessara mælinga í ársriti Skógræktarfélags Íslands.

b) Mæling á lerki.

Sigrún Sigurjónsdóttir nemandi við skóghólann á Steinkjer valdi sér úttekt álerki sem lokaverkefni við skólann. Tilgangur mælinga:

1. Finna viðarmagn á ha lands í vinnjulegum lerkiskógi og árlega viðarframleiðslu.
2. Finna mæliaðferð sem hentar.

Niðurstöður mælinganna munu liggja fyrir á þessu ári í ritgerðarformi.

c) Alaska, klónasafn.

Þrettánda júlí var byrjað að setja niður viðiklóna úr Alaskasafninu í Mörkinni í gamla kartöflugarðinn á Hafursá. Lagðir voru 2 kílómetrar af svörtu plasti, sem var plantað í. Eftir er að stinga meiri efnivið á næsta ári. Þórarinn E Benedikz hafði umsjón með verkinu.

d) Klónatílaun með ösp.

Lögð var út um miðjan ágúst klónatílaun með ösp. Efniviðurinn kom frá Mógilsá. Lagðar voru út tílaunir á Skriðuklaustri, Rauðholti og í Lönguhlíð. Starfsmenn Mógilsár sáu um framkvæmdina.

e) N.S.R. Tílaun.

Um miðjan september var NSR tílaunin á Eiðum og Buðlunga-völlum mæld af heimamönnum. Skemmdir á trjánnum vor metnar og þau hæðarmæld. Niðurstöður voru sendar á Mógilsá til frekari úrvinnslu.

DAGSETNING: 31.12.92

SKÖGRÆKT RÍKISINS HALLORMSSTAÐ
REKSTRARREIKNINGUR
Fjárhagsárið: 1992

BLS. 1

	* Rekstur Laun	* Almennur rekstur Gjöld	Tekjur	* Stofnkostn. Gjöld	Viðhald Gjöld	* Samtals Gjöld	Tekjur
MALAFLOKKAR							
STJÖRNUN - HALLORMSSTAÐ	2,498,812	1,184,359	-201,054	190,656		3,873,827	-201,054
SKÖGGRÆÐSLA HALLORMSST.	4,420,610	933,041	-5,585,222			5,353,651	-5,585,222
GRÖÐRARSTÖÐ HALLORMSST.	5,194,308	4,959,881	-10,783,774	682,084		10,836,273	-10,783,774
HUSEIGNIR SKÖGRÆKT RÍK.	129,045	1,031,291	-24,349	1,263,629	670,251	3,094,216	-24,349
JARÐEIGNIR		66,083	-132,624			66,083	-132,624
BIFREIÐIR SÍ HALLORMSST	179,919	785,097	-1,556,612	1,366,948		2,331,964	-1,556,612
DRATTARVELAR & AHDLD	363,130	523,211	-52,612			886,341	-52,612
VELAVERKSTÆÐI	70,540	93,825	-7,600			164,365	-7,600
UTIVISTARSVÆÐI ATLAVIK	654,862	104,131	-1,842,456			758,993	-1,842,456
MATARFÉLAG SKÖGR.MANNA	410,851	700,937				1,111,788	0
UMHVERFI	213,631					213,631	0
ALMANNATENGSÍ	49,120	8,240				57,360	0
KJARASAMNINGAGJÖLD	2,376,295					2,376,295	0
VINNA FYRIR AÐRA	153,716		-250,064			153,716	-250,064
RANNSÖKNARVERKEFNI	109,886	26,929				136,815	0
SANINGARVEL	183,294	189,615	-210,240			372,909	-210,240
TRJASAFN	756,611	251,413	-1,008,025			1,008,024	-1,008,025
SKÖGGRÆÐSL.EIÐAR & GRÖF	40,200	6,906				47,106	0
SKÖGGRÆÐSLA - HEYDALIR	8,824					8,824	0
SKÖGGRÆÐSLA-MÚLASTEKKUR	15,688	10,136				25,824	0
SKÖGGRÆÐSLA - JÖRVÍK	18,139					18,139	0
LANDGRÆÐSLUAETLUN		6,716,108				6,716,108	0
STYRKIR EINSTAKLINGA		496,547				496,547	0
MILLIF.DEILDA SKÖGR.RÍK			-9,550,384			0	-9,550,384
MILLIFÆRSLUR A D.71		1,762,535				1,762,535	0
SAMTALS.	17,847,481	19,850,285	-31,205,016	3,503,317	670,251	41,871,334	-31,205,016
S A M T A L S	17,847,481	19,850,285	-31,205,016	3,503,317	670,251	41,871,334	-31,205,016
MISMUNUR GJALDA OG TEKNA		-17,847,481	11,354,731		-4,173,568		-10,666,318



Starfsfólk sumarið 1992.

(mynd Jón Guðmundsson)



Fjallapin úr Neðsta reit
flett veturinn 1992.

(mynd S.Blöndal)



Plankar og borð úr rótarbol af
fjallapin úr Neðsta reit.

(mynd S.Blöndal)



Kurlun á lerki ofan við þrætutanga í mars 1992 (mynd S. Blöndal)